


# Laufskálabyggð úr landi Grafarbakka II

## Deiliskipulagsbreyting


# Hrunamannahreppur



GILDANDI DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR 1:2000. SAMÞYKKT AF SKIPULAGSFULLTRÚA UPPSVEITA ÁRNESSÝSLU 2. NÓVEMBER 2006



BREYTTUR DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR 1:2000



ADALSKIPULAG HRUNAMANNAREPPS 2016-2032

### SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNUR

#### Skipulagsgögn:

- Deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:2000
- Uppdráttur úr fyrra deiliskipulagi í mkv. 1:2000
- Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032
- Greinargerð

### SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv.

1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

skipulags- og byggingarnefnd þann \_\_\_\_\_

og í sveitarstjórn þann \_\_\_\_\_

Lýsingin var auglýst frá \_\_\_\_\_

með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_

með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

f.h. Hrunamannahrepps

### GREINARGERÐ

#### INNGANGUR

Í nóvember 2006 var samþykkt deiliskipulag í landi Grafarbakka II í Hrunamannahreppi. Skipulögð var frístundabyggð sem fékk nafnið Laufskálabyggð og gerði ráð fyrir 12 nýjum lóðum.

Í þessari deiliskipulagsbreytingu eru lóðum nr. 1, 2 og 4 breytt ásamt aðkomu að lóðum nr. 1 og 3.

Þá eru settir skipulagskilmálar fyrir allt svæðið.

#### AÐKOMA

Aðkoma er frá Hrunavegi (nr. 344). Hrunavegur liggur frá Skeiða- og Hrunamannavegi (nr. 30).

#### FORNLEIFAR

Engar þekktar fornminjar eru á svæðinu skv. fornleifaskráningu sem unnin var í vegna aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð úr ákvörðun Minjastofnunar liggur fyrir um hvort halda megi áfram og þá með hvaða skilmálum.

#### BREYTING DEILISKIPULAGS

Þessi deiliskipulagsbreyting tekur mið af stækkun og sameiningu Laufskálabyggðar 2 og 4, ásamt stækkunar Laufskálabyggðar 1. Einnig breytist aðkoman að þessum lóðum auk Laufskálabyggðar 3. Skipulagskilmálar, varðandi fjölda bygginga og stærðir skulu taka yfir allt svæðið.

#### Gildandi byggingaskilmálar eru eftirfarandi:

Sumarhúsin skulu byggð úr timbri. Sumarhúsin skulu ekki vera stærri en 100 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Heimilt er að byggja gestahús/eymslu að stærð 20 m<sup>2</sup> innan byggingarreits að auki. Staðsetja skal hús innan byggingareits sem er sýndur á skipulagsupprætti í samráði við byggingarfulltrúa. Byggingarreitir eru allir 10 metra frá lóðarmörkum. Þakhalli skal vera á bilinu 30-45°. Hæð mænis skal ekki vera meiri en 8,0 metrar frá jörðu og stefna N-S

#### Byggingaskilmálar eftir breytingu:

Sumarhúsin skulu byggð úr timbri. Á hverri lóð má byggja allt að 200 m<sup>2</sup> sumarhús, og tvö allt að 40 m<sup>2</sup> gestahús og/eða geymslu en þó innan nýtingarhlufalls 0,03. Staðsetja skal hús innan byggingareits sem er sýndur á skipulagsupprætti í samráði við byggingarfulltrúa. Byggingarreitir eru allir 10 metra frá lóðarmörkum. Þakhalli skal vera á bilinu 30-45°. Hæð mænis skal ekki vera meiri en 8,0 metrar frá jörðu og stefna N-S

#### Laufskálabyggð 2 og 4.

Þessar tvær lóðir sameinast undir nafni Laufskálabyggðar 2 og færast lóðarmörkin lengra til norðausturs. Stærð lóðarinnar verður 10.061 m<sup>2</sup> í stað tveggja 4225 m<sup>2</sup> lóða. Þrjár aðkomuleiðir verða að lóðinni. Byggingarreitir er 10 metrum frá lóðarmörkum.

#### Laufskálabyggð 1 og 3.

Lóð Laufskálabyggðar 1 verður stækkuð og færast lóðarmörk lengra til norðausturs, í samræmi við lóðarmörk Laufskálabyggðar 2 og 4. Laufskálabyggð 1 stækkar úr 6244 m<sup>2</sup> í 7395 m<sup>2</sup>. Byggingarreitir Laufskálabyggðar 1 og 3 eru 10 metrum frá lóðarmörkum.

Aðkoma lóðarinnar færast nær gatnamótunum inn í frístundabyggðina. Vegna þessa færast aðkoma Laufskálabyggðar nr. 3 sunnar inn í byggðina en samkvæmt deiliskipulagi liggur aðkoma að þessum lóðum saman.

Að öðru leyti halda skilmálar gildandi skipulags.

#### Breyting að lokinni auglýsinga

Felld eru út viðbótar gestahús á lóð 2. Þá skulu skipulagskilmálar taka yfir allt svæðið, í samræmi við bókun sv.stjórnar frá 12 ág. 2021.

### SKÝRINGAR

■ Lóð sem breytast

□ Byggingareitir húsa

■ Núverandi byggingar

△△△ Bilastæði til skýringar

--- Mörk deiliskipulagsreits

— Lóðarmörk

10 Lóðarnúmer

⊗ Rotþró



Grafarbakki II  
Hrunamannahreppur  
Deiliskipulagsbreyting

VERK:	BLADSTÆRÐ:	UNNID:	RÝNT:
9113-001/9114-001	A2	HHB	SOS/GH

MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:
1:2000	24.06.2021	21.10.2021

SAMÞYKKT: